

SSH samvinna
Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara
Vinnustofa 9. apríl 2016
Verkefni hópa

VERKEFNI HÓPANNA



Skipt var í vinnuhópa eftir fjórum námssviðum, þ.e. íslensku, stærðfræði, náttúrugreinum og samfélagsgreinum. Meginefni vinnuhópanna var að útfæra hugmyndir í kennslu með námsefni í þessum fjórum námssviðum með ABC-kennslulíkanin sem grunn eins og það hafði verið kynnt af Kirsten Baltzer og Anette Gjervig á ráðstefnu og vinnustofum í nóvember 2015. Sjá nánar [hér](#) um líkanið.

Apríl 2016

Íslenska

Fyrirmælin

Útgangspunkturinn var læsi og vinna með innihald texta. Bókin *Vélmennið í grasinu* eftir Gunnar Theodór Eggertsson var notuð sem kveikja en úrvinnslan gæti allt eins átt við annan texta. Sagan býður upp á marga möguleika til að kafa dýpra í efni hennar. Sem dæmi spurningar um siðfræði, gervigreind, tilfinningar og fleira. Jafnvel ábyrgð þess sem skapar vélmenni. Aðalnámskrá grunnskóla um lestur og lesskilning var höfð til hliðsjónar. Annars höfðu þátttakendur frjálssar hendur.

Afurðir

Hópur 1

	A	B	C
Fyrir lestur sögur	Lesi bók og leggja áherslu á orðaforða. Geta endursagt sögu, hver eru lykilorð, löng orð, ný orð. Áherslan er á um hvað sagan fjallar.		
Á meðan lesið er	Skoða bók og geta rætt um hvað hún er.	Leggja áherslu á lesskilning.	Til viðbótar að þekkja sögu að geta dregið upplýsingar, metið rangt og rétt og jafnvel séð fyrir hvað gerist næst. Lesið milli línanna og álykta út frá texta.
Eftir að búið er að lesa sögu	Geta sett upp tímaás, söguþráður, atburðarás	Geta endursagt; frétt, tilkynning, plakat	Boðskapur sögu, hver er hann? Semja eigin sögu um sama efni, ábyrgð höfundar

Hópur 2

	A Minni kröfur	B Meðal kröfur	C Miklar kröfur
Þekking	- Staðreyndaspurningar. Auðvelt að finna svör. - Létt endursögn. - Þekkja söguformið. - Þekki grunngerð sögu, s.s. persónur, umhverfi, söguþráð.	- Þekking + léttar ályktanir. - Þekkja og túlka söguvið. - Dýpri þekking á uppbyggingu sagna. - Orðaforði + orðatiltæki.	- Ályktunarspurning. - Þekkingaleit í heimildir. - Tilgátur. - Flókin orð + orðatiltæki og sambönd.
Leikni	- Noti einfaldaaðferðir, s.s. teiknimyndasögu, hugtakakort, persónufrásagnir. - Dýpka áhugasvið, einfaldari útfærsla.	- Geti beitt þekkingu sinni til að búa til sögu/söguveg. - Flóknari frásagnarform. Noti orðaforða, orða-sambönd, orðatiltæki í sögugerð, dýpka áhugasvið, meiri kröfur	- Geti notað mismunandi söguform í frásögn. - Geti beitt/notað flókin orð. - Dýpkar áhugasvið sem tengist sögu, meiri kröfur. - Geti útskýrt flókin orð. - Meiri kröfur/flóknari
Viðhorf	- Mjög skýr fyrirmæli um hvað ætlast er til. - Koma með rök á ákveðnum atriðum	- Opnar spurningar en með skýrum leiðbeiningum. - Rökstyðja.	- Mjög opnar spurningar, viðamiklar. - Rökstyðja mat á staðhæfingum. - Gagnrýni á heimildir.

Náttúrugreinar

Fyrirmælin

Tvö verkefni voru lögð fyrir og þátttakendum skipt í tvo hópa sem hvor um sig fjallaði um annað verkefnanna.

Afurðir

Annað verkefnið var úr 3. kafla kennslubókarinnar *Efnisheimurinn* sem fjallar um lotukerfið. Lesnar bls. 39-40 sem kynnr lotukerfið og farið er yfir hvernig lotukerfið skiptist í lotur og flokka. Þetta er efni sem sumir nemendur ná á skjótu bragði en aðrir þurfa mikla endurtekningu. Efnið er því krefjandi fyrir kennara sem þarf að ná til mjög fjölbreytts hóps.

Hópurinn:

Kveikja (Harry Potter)

- A. Skoða lotukerfið myndrænt, læra það, spila, gera og raða.
- B. Fá spjöld sem ekki eru útfyllt og skrá sjálf + raða.
- C. - geta lesið út úr lotukerfinu og skilið
 - verið sérfræðingar um ákveðið efni
 - spil sem reynir á efni/innihald
 - hópur skapa nýja afurð sem allir get nýtt sér
 - kynna sér upphaf lotukerfis, útbúa leikpátt
 - koma sjálfir með hugmyndir

Hitt verkefnið var úr *Eðlisfræði 1* kennslubókinni. Við byrjuðum á fyrstu blaðsíðunum og tókum hvert hugtak fyrir sig með það að markmiði að fá hugmyndir hvernig hægt er að nálgast viðfangsefnið fyrir fjölbreyttan hóp nemenda. Viðfangsefnin sem komist var yfir voru: Þrumur og eldingar (kveikja), stöðurafmang, í frumeindum eru hlaðnar eindir og rafhleðslur verka hver á aðra (kláruðum það ekki ef ég man rétt).

Hópurinn:

Markmið: Þekkja uppbyggingu frumeindar

- A. Teikna tákmynd af frumeind.
- B. Hver er munur á róteind, nifteind og rafeind?
- C. Hvað gæti verið að gerast í hárinu þegar það rís upp í loft?

Markmið: Átta sig á því hvernig rafhleðslur haga sér gagnvart hver annarri

- A. Spila samstæðuspil með hugtökunum.
- B. Fá eyðufyllingasamstæðuspil til að klára.
- C. Búa til samstæðuspil.

Samfélagsgreinar

Fyrirmælin

Lagt fram hugtak til kennslunnar: Flóttamenn

Svo voru þarna 2 greinar prentaðar af netinu:

- <http://www.visir.is/hvad-er-med-thessa-ungverja-/article/2015150918677>
- <https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=56117>

Ein grein ljósrituð úr dagblaði sem hér er að finna í vefútgáfu:

- <http://www.dv.is/folk/2016/3/6/vid-vorum-flottamenn-i-eigin-landi/>

Svo var þarna myndband á iPöddum:

- <http://krakkaruv.is/faersla/hvad-er-flottamadur>

Og svo voru þarna verkefnablöð 28a og 28b úr þessari bók:

- http://vefir.nams.is/klb/frelsi_velferd_klb.pdf

Fyrirmælin voru að búa til verkefni út frá hugtakinu og tengja það c, b, a nálguninni en annað efni var hugsað til að eitthvað efni væri við höndina sem mætti byggja á.

Afurðir

Hópurinn

- A. - Hvað veistu? (t.d. KVL)
 - Upplýsingaöflun.
- B. - Nemendur túlka upplýsingar.
 - Hugtakakort.
 - Púslaðferð, hringekja, leitaraðferð
- C. - Miðlun , yfirfærsla þekkingar
 - Víkka sjóndeildarhringinn.
 - Öðlast skilning.
 - Umburðarlyndi.
 - Gagnrýnin hugsun.
 - Fjölmennig.
 - Fordómar.

Stærðfræði

Fyrirmælin

Verkefnið var tekið úr námsbókinni **Geisli 1A** er og svohljóðandi:

Ásta var á útilífsnámskeiði. Hún fór í útilegu og lærði að tjalda. Þegar krakkarnir voru að tjalda kom í ljós að margi vantaði tjaldhæla en aðrir höfðu aukahæla. Til að festa hvert tjald þurfti 22 hæla. Tjöldin voru 5.

- Ásta fékk lánaða 4 hæla hjá Jónu og 6 hæla hjá Palla.
- Guðni fékk 3 hæla hjá Palla og 2 hæla hjá Jakobi.
- Þegar Palli og félagar hans voru að ljúka við að festa hælana á sínu tjaldi, sáu þeir að þá vantaði 3 hæla. Þeir fengu 2 hæla hjá Jónu og 1 hjá Jakobi.
- Þegar allir höfðu fest tjöldin sín rækilega áttu Jóna og félagar eftir 4 hæla og Jakob og félagar 3 hæla.

Hvað voru margir hælir með hverju tjaldi áður en krakkarnir byrjuðu að tjalda?

Fyrirmælin voru þau að þátttakendur áttu að byrja á því að greina hvort ofangreint verkefni flokkaðist sem A, B eða C verkefni og af hverju. Síðan áttu þeir að útfæra verkefnið þannig að það hæfði A, B og C flokkuninni. Einnig áttu þeir að velta fyrir sér samsetningu nemendahópa þegar svona verkefni eru unnin.

Afurðir


Hópur 1:

Verkefni leyst í getuskiptum hópum.

A	B	C
Leysa verkefnið: - krafa að leysa fyrstu tvo hlutana - hvetja til að halda áfram - útskýra verkefni munnlega - hvaða hjálpartæki eru notuð.	Klára fyrstu þrjá hlutana með skriflegum útskýringum: - hvetja til að komast að lokaniðurstöðu. - öll hjálpartæki í boði.	Klára verkefnið: - skriflegar niðurstöður. - nota stærðfræðileg hugtök til að útskýra ferlið. - öll hjálpartæki í boði.

Hópur 2:

A. Fá eftirfarandi stuðning til að leysa dæmi.



B. Fá eftirfarandi stuðning til að leysa verkefni.

	Ásta	Guðni	Palli	Jóna	Jakob
Fær	4+6				
Átti, gefur					
Afgangur, gefur				4	
Átti í upphafi					

C. Fá aðeins dæmið sjálft til að leysa verkefni.